

Sendandi: Félag sjúkraþjálfara

Dags: 7. nóv 2014

Númer máls: 27

Heiti: Tillagu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu.

Umsögn:

Félag sjúkraþjálfara fagnar framkominni tillögu og telur að hér sé um þarft mál að ræða til eflingar heilbrigðisþjónustu, bæði í hinum dreifðu byggðum og um allt land.

Það sem Félag sjúkraþjálfara telur athugasvert í tillögunum er hversu þröngt er litið á tækifærin til fjarheilbrigðisþjónustu. Þá er átt við að þótt talað sé um heilbrigðisstéttir, þá eru eingöngu nefnd til sögunnar lækningar og hjúkrunarfræðingar, þegar farið er að útskýra tillögurnar.

Við bendum á að það er mikilvægt að efla fjarheilbrigðisþjónustu heilðrænt og á þverfaglegum grunni og þá koma aðrar heilbrigðisstéttir á borð við sjúkraþjálfara einnig að málum. Sjúkraþjálfarar eru nú þegar farnir að beita fjarþjónustu í vissum tilfellum og slíkt mun örugglega fara vaxandi, sjá <http://www.apta.org/Telehealth/>

Einnig er rætt um hinar dreifðu byggðir, en við teljum það engan veginn heppilegt að einskorða tillögurnar við dreifbýlið. Þéttbýli getur einnig haft mikinn hag af notkun fjarheilbrigðisþjónustu og nefnum við sem dæmi um slíkt eftirfylgd með notendum hreyfiseðils, sem fer fram rafrænt.

Að því sögðu endurtökum við ánægju okkar með að farið sé að huga að heildstæðri aðgerðaráætlun um fjarheilbrigðisþjónustu og treystum því að sjónarmið félagsins fái þar hljómgrunn.

Fh stjórnar Félags sjúkraþjálfara

Unnur Pétursdóttir

Formaður